

Háskóli Íslands

Sumarskóli Rannsóknarseturs um smáriki



Höfundar myndverks: Kristjana E. Sigurðardóttir og Valgerður Sigurðardóttir



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Fyrirspurnir frá öllum heimshornum

„Þetta er í raun framhald af öðrum verkefnum sem við höfum verið með,“ segir Pia Hansson, forstöðumaður Rannsóknarseturs um smáríki við Háskóla Íslands um verkefni Sumarskóla Rannsóknarseturs um smáríki.

Hún segir rannsóknarsetrið hafa haldið sumarskóla ár hvert allt frá árinu 2003 og að nýverið hafi gefist tækifæri til að þrjóna enn frekar utan á hann og búa til enn stærra verkefni með því að fækka samstarfsaðilum en dýpka samstarfið sem eftir stóð.

„Núna erum við bæði með sumarskóla og vetrarnámskeið í Vilnius auk þess að vera með ýmsa aðra dýpri samvinnu. Við erum að búa til námskeið og námsefni sem verður aðgengilegt öllum sem hafa áhuga á að stúdera hvernig smáríkjum vegnar í Evrópu og þá kannski sérstaklega með tilliti til Evrópusambandsins og Evrópusamrunans.“

Námsefnið er nú þegar í notkun á öllum námskeiðum innan samstarfsins í gegnum kennsluvefinn Moodle og taka allir samstarfsháskólarnir frá samstarfsríkjunum sex þátt í að móta það.

„Setrið sjálf hefur grætt mikið á þessu í gegnum tíðina, svo sem möguleikann á því að skapa tengsl við fræðimenn á þessu sviði frá allri Evrópu og víðar. Við höfum fengið nemendur alls staðar að og ásóknin í skólann er sífelld að aukast. Við fáum fyrirspurnir frá fólki um allan heim,“ segir Pia. „Ég held að nemendur græði á því að koma hingað og sjá smáríki sem hefur staðið sig vel í alþjóðlegu samhengi. Áskoranirnar eru svo sannarlega til staðar og við þurfum að gera ýmislegt til að vega upp á móti smæðinni.“

Hún segir að m.a. hafi verið lögð áhersla á að skoða öryggismál smáríkja í viðsjárverðum heimi og að það verði sérstaklega tekið fyrir á vetrarnámskeiðinu í Vilnius enda sé Eystrasaltsríkjunum sérlega umhugað um eigið öryggi í ljósi þeirra atburða sem átt hafa sér stað í Úkraínu.

„Það er mjög áriðandi fyrir okkur að skoða allar þessar hliðar mannsins og þetta námskeið og námsefni mun gagnast mörgum.“

Starfið gagnast einnig Piu sjálfri sem segir verkefnið í raun vera kjarna þess sem hún nýtur helst við vinnu sína. „Að fá að taka þátt í svona verkefnum þar sem við náum að efla tengsl og samstarf við fræðimenn og kollega um víðan völl - ánægjan af starfinu kristallast í því.“



Við þurfum að gera
ýmislegt til að vega
upp á móti smæðinni